

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjald-flokkur
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	2
63.21.03	Biðstöðvar leigubífreiða	2
63.23.03	Æfingarsvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
85.13.0	Tannlæknastofur	4
85.20.01	Dýralæknastofur	2
85.20.02	Dýraspítalar	2
90.00.03	Gámastöðvar	4
90.00.04	Flutningur úrgangs	4
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.72.01	Skotvellir	4
93.01.01	Þvottahús	2
93.03.01	Líkbrennslur	6
15.13.1	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.20.2	Saltfiskverkun	4
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	4
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.20.62	Vinnsla á ferskum fiski, stór	6
15.20.63	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	2
15.51.0	Mjólkurbú	6
15.51.1	Ostagerð	6
15.52.0	Ísgerð	6
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	4

2. gr.

Breyting þessi, sem samþykkt er af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. janúar 2004.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Þórólfur Árnason.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega, gildir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú takmörkun í 2. málslíð 10. gr. að heimildin í hverri botnfisktegund skuli miðast við 2% af heildaraflaverðmæti botnfisksaflamarks gildir þó ekki við veiðar á löngu og keilu.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stöð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. ákvæði í 2. gr. breytingarlaga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.**

1. gr.

Í stað „31. janúar“ í ákvæði til bráðabigða við reglugerðina komi: 1. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 15. gr.

Í stað 3. málsl. kemur nýr málsl. svohljóðandi: Númeraflutningur samkvæmt 5. gr. skal koma til framkvæmda 1. október 2004.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 21. janúar 2004.

Hrafnkell V. Gíslason.

Friðrik Pétursson.